

Sp. 141. Tillaga til þingsályktunar

um nýja útgáfu af lagasafni.

Flm.: Bergur Jónsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að verða hið allra fyrsta við ályktun sameinaðs Alþingis frá 1937 um nýja útgáfu af lagasafni.

Greinargerð.

Á Alþingi 1937 báru þeir Jónas Jónsson og Stefán Jóh. Stefánsson fram þingsályktunartillögu um nýja útgáfu af lagasafni. Hlaut tillagan samþykki sameinaðs Alþingis, en hún var svo hljóðandi, ásamt greinargerð:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að hið allra fyrsta komi ný útgáfa af lagasafni (gildandi lögum íslenzkum) frá 1931, þar sem felld verði niður það, sem þá er úr gildi gengið af íslenzkum lögum, en bætt við nýjum lögum, og að öðru leyti athugað um endurbætur á formi og tilhögun lagasafnsins.

Greinargerð.

Árið 1932 kom út fyrsta útgáfa af lagasafni (gildandi lögum íslenzkum 1931). Rit þetta, sem í daglegu tali oft er nefnt „lögbókin“, hefur átt miklum vinsældum að fagna, og mun það vera að mestu leyti uppselt. Þetta lagasafn er hin nauðsynlegasta bók, ekki einungis fyrir alla þá, er fást við lögfræðileg efni, heldur einnig fyrir allan þorra manna, er fást við embættisslörf eða sýslanir eða hvers konar atvinnurekstur. En þó að ekki séu liðin nema fá ár frá því að lagasafnið kom út, er það þegar orðið nokkuð úrelt. Letursteypan að ritinu er öll geymd, og verður því miklum mun ódýrara að gefa það út að nýju.

Þar sem hér er því að ræða um hið nauðsynlegasta rit, sem bæði er næstum uppselt og allverulega úrelt, ber brýna nauðsyn til þess að fá nýja útgáfu af lagasafninu. Þess vegna er þingsályktunartillaga þessi flutt.“

Nú eru 4 ár liðin síðan þál. þessi var samþykkt, en hin nýja útgáfa lagasafnsins hefur eigi verið gefin út enn. Flm. taka undir ástæður þær, sem komu fram í greinargerð till. frá 1937, og telja jafnframt rétt, að samþykkt sé á Alþingi nú þál. til þess að herða á því, að þessu nauðsynjamáli verði sem allra fyrst hrundið í framkvæmd. Erfiðleikar manna, sem leita þurfa núgildandi lagaákvæða, eru orðnir algerlega óviðunandi og vaxa með hverju ári, sem liður.

Nánar í framsögu.